

## Matráður IV / ÍST 5122,24

# STARFSLÝSING

Yfirmaður: Leikskólastjóri

Stofnun / Deild: Leikskólinn.

### 1. Stjórnskipun, ábyrgð, markmið og meginviðfangsefni

Matráður í eldhúsi er starfsmaður Fjarðabyggðar og starfar undir stjórn leikskólastjóra. Matráður skal gegna starfinu samkvæmt leikskólalögum, reglugerðum, starfslýsingu, kjarasamningum og starfsmannastefnu Fjarðabyggðar, eftir því sem við á. Hann er þátttakandi í uppeldisstarfi skóla gagnvart næringu og heilsu. Hann skal hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum og hafa skólareglur í heiðri. Hann sýnir nemendum skóla gott fordæmi, er jákvæður, traustur og samkvæmur sjálfum sér.

### 2. Helstu verkefni

#### 2.1. Almenn

- Sér um öll almenn störf í mötuneytinu, bakstur, þrif og að farið sé eftir matseðlum sveitarfélagsins.
- Þjálfar og útdeilir verkefnum til aðstoðarmatráðs í samráði við leikskólastjóra.
- Ber ábyrgð á daglegum þrifum og mælingum á hitastigi fyrir HAUST.
- Heldur þvottahúsi, búri sem og kaffistofu starfsmanna snyrtilegu.

#### 2.2. Þjónusta

- Þjónusta við nemendur og starfsfólk leikskólans.
- Útbýr sérfaði fyrir þá nemendur og starfsmenn sem þess þurfa af heilsufarsástæðum.

#### 2.3. Stjórnsýsla og stefnumótun

- Meginverkefni starfsins eru fyrirfram ákveðin, skipulögð eða fastmótuð og vinnu starfsmaður vanalega eftir fyrirmælum eða vinnuferlum þar sem skilgreint er hvernig, hvenær og í hvaða röð eigi að framkvæma meginverkefni starfsins.

#### 2.4. Fjármál

- Umsjón með fjármálum eru ekki á verksviði starfsmanns, önnur en þau sem tilheyra matarinnkaupum.

#### 2.5. Mannaforráð og stjórnun

- Sér um að leiðbeina og koma aðstoðarmatráði inn í starf í samvinnu við leikskólastjóra.

#### 2.6. Teymisvinna

- Vinnur með aðstoðarmatráði og leikskólastjóra.

#### 2.7. Samskipti

- Við nemendur og starfsfólk leikskólans sem og birgja.



### **2.8. Önnur verkefni**

- Önnur verkefni sem leikskólastjóri felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði starfsmanns.

## **3. Hæfni- og samstarfsmarkmið**

### **3.1. Menntun**

- Menntun í matreiðslu er æskileg.
- Reynsla af matreiðslu er skilyrði.

### **3.2. Hæfnispættir**

- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Fjarðabyggð** \_\_\_\_\_

---

**Yfirmaður**

---

**Starfsmaður**